



Mýrdalshreppur

Persónuverndaryfirlýsing

FLÝTILEIÐIR

Þú getur farið beint í ákveðinn kafla með því að ýta á kafla/undirkafla hér að neðan

Almennt	2
Ábyrgðaraðili	2
<i>Samskiptaupplýsingar Mýrdalshrepps:</i>	2
Persónuverndarfulltrúi	2
<i>Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa:</i>	3
Frá hverjum safnar Mýrdalshreppur persónuupplýsingum?	3
Hvaða upplýsingar vinnur Mýrdalshreppur um þig?	3
<i>Þegar þú sendir inn umsókn um þjónustu eða leyfi af einhverju tagi</i>	3
<i>Þegar þú sækir um starf</i>	3
<i>Á meðan þú starfar hjá okkur</i>	4
<i>Þegar þú sendir okkur fyrirspurn í gegnum tölvupóst</i>	4
<i>Þegar þú, eða vinnuveitandi, þinn á í viðskiptasambandi við okkur</i>	4
<i>Önnur vinnsla persónuupplýsinga tengd starfsemi Mýrdalshrepps</i>	4
Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila	5
Varðveislutími persónuupplýsinga	5
Réttindi þín.....	5
<i>Aðgangsréttur</i>	6
<i>Réttur til leiðréttinga</i>	6
<i>Réttur til eyðingar / Réttur til að gleymast</i>	6
<i>Réttur til takmörkunar á vinnslu</i>	6
<i>Réttur til að andmæla vinnslu</i>	6
<i>Réttur til að flytja eigin gögn</i>	6
<i>Réttur til að afturkalla samþykki</i>	7
<i>Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd</i>	7
Öryggi persónuupplýsinga	7
Endurskoðun	7

ALMENNT

Mýrdalshreppur hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og tiltækileika persónuupplýsinga í hvívetna.

Í persónuverndaryfirlýsingu þessari er því lýst hvernig Mýrdalshreppur vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings. Hér má nefna upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, myndefni, netauðkenni, samskipti, bílnúmer og fleira. Í 2. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtakið „persónuupplýsingar“. Í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga má finna útlístun á því hvað fellur undir hugtakið „viðkvæmar persónuupplýsingar“.

Með vinnslu á persónuupplýsingum er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Sem dæmi um vinnslu á persónuupplýsingum má nefna söfnun þeirra, skráningu, varðveislu, breytingu, miðlun, notkun, skoðun og fleira. Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar útskýrt hvað fellur undir hugtakið „vinnsla“.

ÁBYRGÐARAÐILI

Ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga er sá aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnsluna. Ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft eða undirstofnanir þess ákveða tilgang og aðferðir við vinnsluna. Sem dæmi má nefna er grunnskóli sveitarfélagsins ábyrgðaraðili að vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem fer fram innan veggja skólans. Þegar um ræðir almenna stjórnarsýslu er Mýrdalshreppur í hlutverki ábyrgðaraðila.

Samskiptaupplýsingar Mýrdalshrepps:

- Mýrdalshreppur
- Austurvegur 17, 870 Vík
- S: 487 1210
- myrdalshreppur@vik.is

PERSÓNUVERNDARFULLTRÚI

Mýrdalshreppur hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa í samræmi við persónuverndarlög. Hlutverk hans er að sinna innra eftirliti, fræða og ráðleggja starfsfólki um þær skyldur sem hvíla á sveitarfélaginu með tilliti til persónuverndarlaga. Jafnframt er persónuverndarfulltrúi tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa:

- Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir
- vigdis@landlogmenn.is
- s: 546 4040

FRÁ HVERJUM SAFNAR MÝRDALSHREPPUR PERSÓNUUPPLÝSINGUM?

Mýrdalshreppur safnar í flestum tilvikum persónuupplýsingum frá þeim aðila sem persónuupplýsingarnar varða. Í ákveðnum tilvikum safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum frá þriðja aðila, t.d. Þjóðskrá Íslands eða öðrum þriðja aðila. Í slíkum tilvikum reynir Mýrdalshreppur eftir fremsta megni að upplýsa viðkomandi um það.

HVAÐA UPPLÝSINGAR VINNUR MÝRDALSHREPPUR UM ÞIG?

Þegar þú sendir inn umsókn um þjónustu eða leyfi af einhverju tagi

Hlutverk Mýrdalshrepps er fyrst og fremst að vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Hjá sveitarfélaginu getur þú sent inn umsókn um þjónustu af ýmsu tagi sem og leyfi fyrir tilteknum atriðum sem er á forræði sveitarfélagsins að veita leyfi fyrir.

Í þessum tilfellum er gjarnan kallað eftir upplýsingum um þig á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer. Það ræðst svo af eðli þess sem sótt er um hversu ítarlegum upplýsingum þarf að safna. Undir öllum kringumstæðum er aðeins safnað þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru svo hægt sé að leggja mat á viðkomandi umsókn.

Á heimasíðu Mýrdalshrepps má finna umsóknareyðublöð. Nánari skýringar um persónuvernd má finna á eyðublöðunum sjálfum.

<https://www.vik.is/is/index.php?pid=255>

Þegar sótt er um þjónustu eða leyfi byggir vinnsla persónuupplýsinga iðulega á nauðsyn vegna lagaskyldu eða beitingar opinbers valds, sbr. 3. og 5. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þú sækir um starf

Þegar þú sækir um starf hjá Mýrdalshreppi safnar sveitarfélagið upplýsingum um þig á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, menntun, reynslu og öðrum upplýsingum sem eðlilegt er að komi fram í ferilskrá eða kynningarbréfi.

Söfnun persónuupplýsinga þegar þú sækir um starf er nauðsynleg svo hægt sé að taka á móti umsókn þinni og meta hana með tilliti til þess starfs sem þú sækir um.

Vinnsla persónuupplýsinga í þessum tilfellum fer fram á grundvelli þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir að beiðni umsækjanda áður en samningur er gerður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Á meðan þú starfar hjá okkur

Á meðan þú starfar hjá okkur verður sveitarfélagið að vinna með persónuupplýsingar þínar svo hægt sé að standa við skuldbindingar samkvæmt ráðningarsamningi. Hér er um að ræða upplýsingar á borð við laun, bankaupplýsingar, lífeyrissjóð, stéttarfélagsaðild og viðveru.

Heimild til að vinna með þær persónuupplýsingar byggir á 2. og 3. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga. Þegar um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, svo sem upplýsingar um veikindi, byggir hún á 2. tl. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga.

Nánar er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga um starfsmenn í persónuverndaryfirlýsingu Mýrdalshrepps fyrir starfsmenn.

Þegar þú sendir okkur fyrirspurn í gegnum tölvupóst

Þú getur sent okkur fyrirspurn með tölvupósti. Tilgangur þess er að auðvelda samskipti við starfsfólk sveitarfélagsins. Í þessum tilfellum er safnað upplýsingum á borð við nafn, netfang og hverju erindið snýr að.

Vinnsla persónuupplýsinga hér byggir á samþykki þínu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga. Sé fyrirspurnin aftur á móti þess eðlis að hana ber að skrá sem sértakt mál í kerfum sveitarfélagsins, þá byggir vinnslan á 3. og/eða 5 tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þú, eða vinnuveitandi, þinn á í viðskiptasambandi við okkur

Mýrdalshreppur á í viðskiptasambandi við ýmsa aðila, svo sem þá sem selja sveitarfélaginu ýmsa sérfræðiþjónustu, úthluta búnaði eða taka að sér tiltekin verk. Þeir aðilar geta hvort tveggja verið lögaðilar eða einstaklingar. Þegar um viðskiptasamband er að ræða safnar Mýrdalshreppur nauðsynlegum tengiliðaupplýsingum á borð við nafn og netfang.

Þegar einstaklingur veitir þjónustu í eigin nafni byggir vinnsla persónuupplýsinga á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga. Þegar einstaklingur kemur fram í nafni fyrirtækis byggir vinnsla persónuupplýsinga á lögmatum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Önnur vinnsla persónuupplýsinga tengd starfsemi Mýrdalshrepps

Mýrdalshreppur sinnir ýmsum verkefnum hverju sinni sem sveitarfélag og þarf óhjákvæmilega í ákveðnum tilvikum að vinna persónuupplýsingar. Tilgangurinn fer eftir því hvaða verkefni um

ræðir hverju sinni en hann er að meginstefnu til að standa við gerða samninga, vegna lagaskyldu eða vegna beitingu opinbers valds.

Grundvöllur vegna þeirra vinnslna byggir þ.a.l. á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr., lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. eða beitingu opinbers valds, sbr. 5. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA TIL ÞRIÐJA AÐILA

Mýrdalshreppur notast við rafrænar lausnir frá þriðja aðila sem auðvelda sveitarfélaginu að halda utan um og miðla upplýsingum. Eigendur lausnanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum. Sveitarfélagið gerir þá ávallt vinnslusamning við viðkomandi þjónustuaðila í samræmi við persónuverndarlög. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli Mýrdalshrepps.

Í ákveðnum tilfellum kann Mýrdalshreppi að vera skylt samkvæmt lögum að deila persónuupplýsingum með þriðja aðila sem ekki er bundinn fyrirmælum sveitarfélagsins um meðferð þeirra. Rétt er þó að taka fram að þeim aðilum er þó ávallt skylt að haga meðferð þeirra í samræmi við persónuverndarlög.

VARÐVEISLUTÍMI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Mýrdalshreppur er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er því óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild Þjóðskjalavarðar.

Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Mýrdalshreppur vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga að þrjátíu árum liðnum.

RÉTTINDI ÞÍN

Samkvæmt persónuverndarlögum hefur þú ákveðin réttindi sem þú getur nýtt þér. Þú getur nýtt þér réttindi þín með því að senda beiðni á netfangið myrdalshreppur@vik.is. Kjósir þú að nýta þér réttindi þín á grundvelli persónuverndarlaga er það þér að kostnaðarlausu.

Mýrdalshreppur hefur einn mánuð til að svara erindi þínu en hægt er að framlengja frestinn um tvo mánuði sé beiðnin sérstaklega umfangsmikil.

Hafa skal í huga að réttindi þín kunna að vera háð ýmsum skilyrðum. Hér að neðan má finna yfirlit yfir réttindi þín og upplýsingar um í hvaða tilvikum þau kunna að vera takmörkuð hjá sveitarfélaginu.

Aðgangsréttur

Þú átt rétt á að fá aðgang að og afrit af öllum persónuupplýsingum sem Mýrdalshreppur vinnur um þig. Í vissum tilvikum geta undantekningar frá réttinum átt við, svo sem ef réttindi annarra veða þyngra.

Réttur til leiðréttinga

Þú átt rétt á því að fá leiðrétta persónuupplýsingar um þig sem þú telur rangar. Taka skal þó fram að lög um opinber skjalasöfn setja þessu ákvæði ákveðnar skorður þar sem Mýrdalshreppi er oft óheimilt að breyta gögnum sem sveitarfélagið býr yfir. Þá kann aftur á móti að vera mögulegt að koma leiðréttingu á framfæri með athugasemd sem látin er fylgja með gögnunum þegar við á. Jafnframt getur þú beðið Mýrdalshrepp að bæta við þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið hefur um þig og þú telur ófullnægjandi.

Réttur til eyðingar / Réttur til að gleymast

Rétturinn til eyðingar eða til að gleymast á að meginstefnu ekki við um Mýrdalshrepp þar sem sveitarfélagið er bundið af lögum um opinber skjalasöfn til að varðveita nær undantekningalaust öll þau gögn sem verða til og berast til sveitarfélagsins. Kveðið er á um það í persónuverndarlögum að réttur til að eyðast eða gleymast eigi ekki við ef lög mæla fyrir um að upplýsingar skuli varðveittar.

Réttur til takmörkunar á vinnslu

Í ákveðnum aðstæðum átt þú rétt á að biðja um að vinnsla sé takmörkuð.

Réttur til að andmæla vinnslu

Þegar Mýrdalshreppur vinnur persónuupplýsingar um þig á grundvelli almannahagsmuna, þ.e. lagaheimildar, eða við beitingu opinbers valds, átt þú rétt á að andmæla vinnslunni.

Réttur til að flytja eigin gögn

Sá réttur á aðeins við þegar persónuupplýsingar eru unnar á grundvelli samþykkis eða við gerð samnings og vinnslan er sjálfvirk. Mýrdalshreppur starfar á grundvelli laga og því er lítill hluti vinnslu persónuupplýsinga byggður á samþykki eða samningi. Það er því ólíklegt að þessi réttur eigi við þar sem Mýrdalshreppur vinnur persónuupplýsingar nær eingöngu á grundvelli lagaskyldu eða beitingu opinbers valds.

Réttur til að afturkalla samþykki

Ef Mýrdalshreppur byggir vinnslu á samþykki, átt þú rétt á að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er. Afturköllun samþykkis hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú dregur í efa að Mýrdalshreppur meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög. Hægt er að senda inn erindi á www.personuvernd.is.

ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Mýrdalshreppur hefur gripið til tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana í því skyni að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstöfunum þessum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær breytist, glatist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi.

Aðgangsstýringar eru að kerfum og skrifstofu sveitarfélagsins. Mýrdalshreppur reynir jafnframt eftir fremsta megni að stuðla að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skuli að öryggi persónuupplýsinga.

ENDURSKOÐUN

Persónuverndaryfirlýsing þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða á því hvernig Mýrdalshreppur vinnur með persónuupplýsingar. Tilkynnt er um slíkar breytingar á heimasíðu Mýrdalshrepps, www.vik.is.